FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Framburður og orðaforði
Námsgrein:	þýska
Viðfangsefni:	algengur orðaforði, framburður, grunnatriði í málfræði, s.s. beyging sagna og greinis
Skammstöfun:	ÞÝSK1GF05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Áfanginn er byrjunaráfangi. Nemendur fá innsýn í menningu og staðhætti á þýska mál- og menningarsvæðinu og kynnast samskiptavenjum og siðum. Nemendur eru þjálfaðir í öllum málfærniþáttum: tali, hlustun, ritun og lesskilningi. Áhersla er lögð á framburð, grunnatriði málnotkunar og uppbyggingu orðaforða sem tengist nemandanum og hans nánasta umhverfi. Þessi áfangi er á stigi A1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans • grundvallarþáttum þýska málkerfisins • framburðarreglum og tónfalli í tungumálinu • þýskumælandi löndum og fengið innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði þeirra
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er hægt og skýrt • fylgja einföldum fyrirmælum og skilja helstu kveðjur og kurteisisávörp • lesa og skilja einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist umhverfi og áhugamálum • segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og atburðum daglegs lífs • skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, fylla út einföld eyðublöð, skrifa póstkort og skilaboð
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja meginatriði einfaldra texta og greina einfaldar upplýsingar • greina einfaldar upplýsingar í töluðu máli • tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt um persónulega hagi og efni sem hann þekkir • skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í ritun

	• nýta þekkingu og leikni til að leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.